Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík, 29. janúar 2019
RMF18100003
4.2.2

Ráðhús Reykjavíkur
Fjölmenningarráð

***Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í menningar-, íþrótta- og tómstundaráði um fjölmenningarhátíð***

Á fundi menningar-, íþrótta- og tómstundaráðs þ. 28. janúar sl. var lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sem frestað hafði verið á fundi þ. 8. október sl., um fjölmenningarhátíð, sbr. hjálagðar fundargerðir:

> Lagt er til að fjölmenningarhátíð sem haldinn hefur verið árlega um árabil sameinist menningarnótt þannig að fjölmenningarhátíðin verði hluti af dagskrá hennar en sé ekki sérviðburður eins og verið hefur. Þannig yrði hátíðinni jafnvel gert hærra undir höfði og samræmist vel hugmyndum um gagnkvæma aðlögun. Menningar-, íþrótta- og tómstundaráð, Mannréttinda- og lýðræðisráð og menningar- og ferðamálasvið hafi samráð um að móta tillögur um hvernig best verði að því staðið að aðlaga fjölmenningarhátíðina dagskrá menningarnætur.

Samþykkt var að vísa tillögunni til fjölmenningarráðs. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og fulltrúar Miðflokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Fulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar og Vinstri grænna í menningar-, íþrótta- og tómstundaráði lögðu fram svohljóðandi bókun:

> Á fundi þann 14. sept. sl. samþykkti fjölmenningarráð að fela mannréttindaskrifstofu undirbúning vinnu við ákveðnar breytingar á fjölmenningardeginum í takt við fyrirmynd frá Kristiansand. Vinna við endurskoðun fjölmenningardagsins er því þegar hafin á þeim vettvangi. Fulltrúar meirihluta í MÍT taka samt sem áður undir að mikilvægt sé að efla þátttöku innflytjenda í öllum borgarhátíðum með markvissum hætti samhliða þeirri vinnu.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins í menningar-, íþrótta- og tómstundaráði lögðu fram svohljóðandi bókun:

Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík
Sími 411 6020

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins telja eðlilegt að tillaga Sjálfstæðisflokksins um fjölmenningarhátíð hefði verið borin upp til atkvæða. Mikilvægt er að hátíðin verði áfram viðburður og fögnum því að endurskoðun sé farin í gang á hlutverki fjölmenningarhátíðar og reynt verði að efla þátttöku fólks af erlendum uppruna í öllum hátíðum borgarinnar.

Fyrir hönd menningar-, íþrótta- og tómstundaráðs

Inga María Leifsdóttir
verkefnastjóri
skrifstofu menningar- og ferðamálasviðs

Hjálagt:
Fundargerð menningar-, íþrótta- og tómstundaráðs dags. 28. janúar 2019
Fundargerð menningar-, íþrótta- og tómstundaráðs dags. 8. október 2018

Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík
Sími 411 6020